

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 2008 í máli nr. S-839/2007:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir fulltrúi)

gegn

Robert Dariusz Sobiecki

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní sl., er höfðað með ákæru útgefni af Ríkissaksóknara, 31. maí 2007 á hendur, Robert Dariusz Sobiecki, kt. [...], Mjósundi 13, Hafnarfirði, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 17. mars 2007, á salerni í kjallara Hótel Sögu við Hagatorg í Reykjavík, með ofbeldi þröngvað stúlkunni Y, kt. [...], til samræðis og annarra kynferðismaka með því að ýta henni inn á salernisbás og halda henni þar meðan hann kom fram vilja sínum, en ákærði hafði munnmök við stúlkuna, sleikti kynfæri hennar, hafði samræði við hana og reyndi að setja getnaðarlim sinn í endaparm hennar.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007, sbr. áður 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Y er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 2.000.000 auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 17. mars 2007 til greiðsludags.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júlí 2007 var ákærði sýknaður af refsikröfu ákærvalds í málinu. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 14. febrúar sl. í málinu nr. 464/2007 var dómur héraðsdóms í máli þessu ómerktur og málinu vísað heim til aðalmeðferðar og dómsálagningar á ný. Með úrskurði dómsins frá 3. apríl sl. viku dómendur málsins í héraði sæti í málinu. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá

22. apríl sl. í máli nr. 198/2008 var úrskurður héraðsdóms um að dómendur vikju sæti felldur úr gildi. Með bréfi til dómstjóra 29. apríl sl. fór sá héraðsdómari er þá fór með málið þess á leit að málinu yrði úthlutað á nýjan leik. Með bréfi dómstjóra héraðsdóms frá 30 apríl sl. féllst dómstjóri á rök héraðsdómarans um að rétt væri að úthluta málinu á nýjan leik. Dómstjóri fól þeim héraðsdómara er nú fer með málið sem dómsformaður það með úthlutun 29. apríl sl.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá laugardeginum 17. mars 2007 barst lögreglu þann dag kl. 00.54 tilkynning um að nauðgun hefði átt sér stað á Hótel Sögu við Hagatorg í Reykjavík. Samkvæmt tilkynningunni átti áráarmaðurinn að vera á flóttu frá staðnum. Er lögreglumenn bar að Hótel Sögu var þeim vísað á Y brotaþola í máli þessu, en hún var þá stödd í bakherbergi við afgreiðslu í hótelinu. Tjáði hún lögreglumönnum frá atburðinum. Y hafi skýrt frá því að hún hafi spurt árárarmanninn að því hvar snyrtingin væri og hafi hann ætlað að sýna henni það. Hafi hann fylgt henni niður og farið með henni inn á snyrtinguna þar sem kona hafi verið til staðar og sagt honum að fara út þar sem um væri að ræða snyrtingu fyrir kvenfólk. Hafi áráarmaðurinn komið aftur og ruðst inn á klósettið þar sem Y hafi verið að pissa. Hafi maðurinn neytt hana til samræðis. Hafi hún verið ráðalaus og ekki vitað hvað gera skyldi. Hafi hún ýtt honum frá sér og reynt að fara út um hurðina á snyrtingunni en maðurinn hindrað för hennar. Hafi hann læst hurðinni og sagt „no I am not finished“. Hafi hún að lokum komist út um hurðina og þá mætt þjóni af hótelinu. Hafi áráarmaðurinn komið út af snyrtingunni og reynt að ná henni inn aftur en þjónninn náð að fyrirbyggja það. Fram kemur í skýrslunni að Y hafi verið blóðug á vinstri upphandlegg og með blóð á læri. Hún hafi sýnilega verið undir áhrifum áfengis. Rætt hafi verið við starfsmann á bar hótelsins og hafi hann lýst árárarmanninum þannig að hann væri lágvaxinn, um 160 til 165 cm á hæð, snodaður og sennilega með eyrnalokk í eyra. Hann hafi verið í grænum jakka, víðum gallabuxum, í brúnum hermannaklossum og „dópistalegur“ í útiliti. Var lögreglu tjáð að áráarmaðurinn hefði hlaupið frá vettvangi til suðurs á milli Hagaskóla og Háskólabíós. Í frumskýrslu kemur fram að salerninu hafi verið læst til að tryggja vettvang. Hafi Y verið flutt á neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi. Þá hafi tæknideild lögreglu verið boðuð á vettvang. Á hótelinu hafi verið maður að nafni Norbert Jaroslaw Kruk, Pólverji, sem setið hafi við drykkju á bar hótelsins og hafi hann verið verulega ölvaður. Í máli barþjóns hafi komið fram að Jaroslaw hafi verið að ræða við áráraraðilann um kvöldið. Í viðræðum við Jaroslaw hafi komið fram að hann þekkti viðkomandi einstakling ekki en hann hafi kynnt sig sem Robert.

Samkvæmt skýrslu lögreglu fór rannsóknarlögreglumaður á neyðarmóttöku kl. 01.34 um nóttina og ræddi hann við Y í aðstandendaherbergi á slysadeild. Fram kemur að hún hafi borið þess merki að hafa orðið fyrir áfalli, en þó hafi hún verið róleg og gefið greinargóða lýsingu. Lýsti hún þar atvikum á nýjan leik. Í framhaldi af viðræðum við Y hafi rannsóknarlögreglumaðurinn farið á Hótel Sögu og rætt þar við Jun Morikawa og Árna Tómas Valgeirsson, starfsmenn í móttöku hótelsins. Hafi þeir greint frá því að þeir hafi fregnað af málinu í gengum spænskan þjón sem hafi verið við vinnu á hótelinu umrætt sinn og aðstoðað Y í framhaldi af atburðum. Hafi þeir séð þar sem áráarmaðurinn, ásamt félagi sínum, hafi farið út um aðalinngang hótelsins við Hagatorg. Hafi Jun og hinn spænski þjónn reynt að tryggja návist árárarmannsins þar til lögregla kæmi á vettvang en þeir hafi séð á

eftir mönnunum hlaupa frá hótelinu í átt að Birkimel. Lögregla hafi komið skömmu síðar. Í skýrslunni kemur fram að lögregla hafi að morgni sama dags farið aftur á Hótel Sögu til að fara yfir myndskeld úr eftirlitsmyndavélakerfi hótelsins. Á myndavél nr. 5 sem taki mynd af aðalinngangi hótelsins við Hagatorg sjáist tveir menn yfirgefa hótelið kl. 00.54 og Jun Morikawa hlaupa út á eftir þeim. Sömu menn sjáist á bar úr myndavél nr. 9 við neðri hæðina kl. 00.52.

Sunnudaginn 18. mars 2007 kl. 21.50 fór lögregla að heimili Robert Dariusz Sobiecki, ákærða í máli þessu, að Mjósundi 13 í Hafnarfirði. Hafði lögregla þá rökstuddan grun um að ákærði hefði átt aðild að málinu. Hafi lögreglumenn handtekið ákærða í kjallara hússins og í framhaldi fært hann á lögreglustöð. Á lögreglustöð framkvæmdi héraðslæknir líkamsskoðun á ákærða. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald mánudaginn 19. mars 2007. Var hann vistaður í gæsluvarðhaldi allt til uppsögu fyrri héraðsdóms í málinu 5. júlí 2007.

Ósk Ingvarsdóttir læknir hefur 17. mars 2007 kl. 03.00 framkvæmt réttarlæknisfræðilega skoðun á Y. Í skýrsluna er færð frásögn sjúklings af atburðum. Er merkt við kynmök um leggöng og að getnaðarlimur hafi verið settur í munn. Ekki sé vitað um kynmök í endaparm. Um ástand við skoðun er ritað að Y hafi verið aðeins sljó í byrjun vegna syfju en segi síðan frá atburðinum. Virðist hún ekki hafa teljandi minnisglöppur. Hún sé trúverðug og einlæg. Hún sé í uppnámi og hafi talað mikið í byrjun. Síðan hafi hún róast. Hafi hún lýst dofa og hræðslu um heilsu sína og ótta við geranda. Finni hún fyrir mikilli vöðvaspennu og eigi erfitt með að slaka á. Þá hafi henni verið illt í maganum. Hún hafi verið með roða á hægri hné. Á bakhluta séu 2 svæði með roða og eymsl ofarlega á herðum. Einnig neðarlega við spjaldhrygg. Þá sé hún með sprungu við anus. Hafi sprungan verið „ca kl. 11“ og náð inn að slímhúðarkanti við anus. Sprungan sé ca 1 cm að dýpt. Í kafla um niðurstöður læknis er þess getið að blóð hafi verið á innanverðum lærum og kynfærum. Blætt hafi úr sprungunni við endaparmsopið, en jafnframt hafi verið blóðlitaður vökvi í leggöngum sem geti verið úr sárinu. Skoðun komi vel heim og saman við lýsingu á atburðinum. Þá er þess getið að 27. mars 2007 hafi Y komið í eftirlit. Hafi hún lýst því að hún myndi vel eftir því sjokki sem hún hafi verið í við komu. Myndi hún nú vel að árásarmaðurinn hafi verið að reyna að koma fram vilja sínum þar sem hún hafi legið klemmd í hnipri upp við klósettið og þá fundið skerandi sársauka. Hafi árásarmaðurinn þá verið búinn að komast inn í leggöng en reynt ítrekað við endaparm en sennilega ekki komist inn. Blætt hafi úr sárinu þar til skömmu fyrir endurkomuna. Við skoðun hafi sést að sprunga við anus hafi verið gróin og sést móta fyrir hvítu öri. Ætla megi í ljósi sögunnar að sprungan hafi komið við tilraunir árásarmannsins við að komast inn í anus og átt þátt sá kraftur sem beitt hafi verið og afstaða legu brotaþola. Staðsetning sprungunnar sé á stað sem sé þekktur fyrir að hafa áverka við tilraunir eða innþrengingu í endaparm án samþykkis, ef áverki sé á annað borð.

Ákærði var tekinn til réttarlæknisfræðilegrar skoðunar 18. mars 2007. Í lýsingu um ástand við komu er þess getið að ákærði hafi verið rólegur og samvinnuþýður. Þá hafi hann verið í eðlilegum holdum og krúnurakaður. Ákærði er tilgreindur 169,5 cm á hæð. Smá rispúr hafi verið á enni og ofarlega á vinstri kinn. Hann hafi verið með mar neðan við hársvörð, en borið því við að það væri eftir rakstur. Smá roðablettir hafi verið á höku sem hafi getað verið eftir rakstur. Sárrispa á ská framan á hægri úlnlið og sár á „dig IV volart“. Smá mar lófastórt innanfótar á miðju hægri læri. Hafi ákærði lýst því að hann hafi verið barinn í höfuðið og

rispast á hægri hendi við að hlaupa í gegnum trjágróður á flóttu frá staðnum. Engin áverkamerki hafi verið á kynfærum.

Laugardaginn 17. mars 2007 kl. 13.18 mætti Y á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir nauðgun. Skýrði hún þannig frá atvikum að hún hafi umrætt sinn verið á árs hátíð hjá veitingahúsakeðjunni Subway. Skömmu fyrir atburðinn hafi Y verið í Súlnasalnum þar sem skemmtunin hafi verið en hún hafi þá þurft að fara á snyrtinguna. Ekki hafi hún fundið neitt salerni á hæðinni. Hafi vinkona hennar verið á dansgólfinu að dansa og Y farið ein niður á næstu hæð til að leita að salerni. Hafi Y verið talsvert ölvuð en þó ekki ofurölvi. Hún hafi gengið niður á næstu hæð fyrir neðan en þar hafi verið bar þar sem hún og vinkona hennar hafi fengið sér drykk fyrr um kvöldið. Hafi Y gengið niður stiga niður í kjallara en þar hafi staðið þrír menn. Hafi hún spurt þá hvort snyrting væri niðri í kjallara. Hafi hún heyrt þá tala saman framandi tungumál sem hún hafi talið vera pólsku. Hafi hún þá spurt þá á ensku um hið sama og þeir svarað spurningunni játandi. Einn þeirra, maður í grænni jakkapeysu, hafi spurt Y að því hvort hann ætti að fylgja henni niður en hún svarað því neitandi. Hafi hún gengið niður stigann. Þegar hún hafi komið inn á snyrtinguna hafi hún séð að maðurinn í grænu peysunni hafi fylgt henni niður og ætlað inn á snyrtinguna með henni. Kona á snyrtingunni hafi hins vegar lokað hurðinni á manninn. Inni á snyrtingunni hafi verið tveir salernisbásar og hafi hún farið inn á einn þeirra. Hafi hún lokað og læst og því næst pissað. Hafi hún farið að velta því fyrir sér hvort maðurinn kæmi nokkuð inn á snyrtinguna á eftir henni. Hafi hún því beðið aðeins lengur inni á básnum. Er hún hafi opnað hurðina hafi maðurinn komið inn á snyrtinguna. Hafi Y brugðið við það en hann eiginlega ýtt henni strax inn á þann salernisbás sem hafi verið fjær hurð inn á salernið. Hafi hann ekki lokað hurðinni að básnum strax en ýtt Y upp að vegg og byrjað að kyssa hana og káfa á henni. Hafi hún fengið hálfgerst sjokk og ekki viljað trúa því að þetta væri að gerast. Hafi hann síðan byrjað að tosa niður um hana sokkabuxurnar en hún hafi þá verið standandi og snúið að honum. Síðan hafi hann girt niður um sig buxurnar og þá lokað hurðinni og læst. Hafi hún veitt því athygli að hann hafi verið með reistan liminn. Hafi hann reynt að ýta henni niður á klósettið og síðan troðið lim sínum upp í munn hennar. Ekki hafi hún veitt því athygli hvort hann hafi verið með smokk. Á einhverjum tímapunkti hafi hún tekið eftir því að hann hafi verið með blóð á getnaðarlimnum. Síðan hafi hann ýtt henni niður á gólfid og hún þá legið á bakinu. Hafi hann troðið getnaðarlim sínum inn í leggöng hennar. Hafi hún reynt að ýta honum af sér og fundið fyrir skerandi sársauka. Hafi hún verið alveg kramin í horninu og hann ofan á henni. Hafi hann síðan reynt að setja lim sinn í endaparm hennar. Hafi hún náð að grípa í hurðina og einhvern veginn toga sig upp og hafi hurðin einhvern veginn farið á hann. Hafi hún reynt að komast fram og sagt „I want to go home“. Hafi hann þá reynt að ýta henni aftur inn á klósettið og sagt „No I am not finished“. Hafi hún síðan náð að ýta honum frá sér og ýtt hurðinni á hann og náð að komast fram á ganginn. Hafi hún verið með sokkabuxurnar niður um sig og hann reynt að toga hana aftur inn en hún haldið áfram. Hafi hún séð konu hlaupa og maðurinn þá farið fram og upp stigann. Skömmu síðar hafi þjónn komið að henni og hún tjáð honum hvað hefði gerst. Stuttu síðar hafi árársarmaðurinn komið aftur og hafi Y þá sagt við þjóninn „he used me“ og þjónninn spurt árársarmanninn hvort það væri rétt. Hafi árársarmaðurinn þá sagt að hann hafi einungis sýnt Y hvar snyrtingin hafi verið. Hafi hann ætlað að taka Y aftur inn á snyrtinguna en þjónninn þá sagt honum að láta Y í friði. Hafi hún í framhaldinu farið upp með þjóninum en þar hafi verið rætt við starfsfólk hótelsins. Þá hafi lögregla verið kölluð til. Starfsmenn hótelsins hafi farið að leita

að árárarmanninum en hann hafi þá verið stunginn af. Eftir það hafi Y farið upp á neyðarmóttöku.

Priðjudaginn 27. mars 2007 var á ný tekin skýrsla af Y hjá lögreglu. Var framburður hennar við skýrslutökuna á sama veg og í fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu. Kvaðst Y hafa fengið sjokk þegar árárarmaðurinn hafi ýtt henni inn á bás snyrtingarinnar og farið að kyssa hana og káfa á henni. Hafi henni fundist sem hlutirnir væru ekki að gerast í alvörunni. Hún hafi verið drukkin og orðið svona skrýtin í höfðinu. Hafi henni fundist sem hana væri að dreyma hlutina. Hafi maðurinn ýtt henni inn á salernisbásinn, lokað hurðinni og læst henni. Síðan hafi hann farið að káfa á henni og tekið niður um hana sokkabuxurnar. Hann hafi einnig tekið niður sínar buxur. Hann hafi ýtt henni niður á klósettið þannig að hún hafi setið á því. Hann hafi troðið getnaðarlim sínum upp í munn hennar. Hafi hún verið í losti og ekki verið búin að ranka við sér með hvað væri að gerast. Í framhaldinu hafi hann ýtt henni af klósettinu og niður í horn á salernisbásnum. Hann hafi sennilega eitthvað sleikt hana niðri. Hann hafi ýtt henni út í horn þannig að hún hafi verið í „kremju“ og þá hafi hann stungið lim sínum inn í leggöng hennar. Þá hafi hún verið alveg upp við vegg á básnum og varla getað andað. Hafi hún fengið áverka á bakið við þessar aðfarir og verið með verki í baki lengi á eftir. Skyndilega hafi hún fundið mikinn sársauka er hann hafi reynt að setja lim sinn í endaparm hennar. Sennilega hafi honum ekki tekist það en hún fengið sár við endaparm við þetta. Þá hafi hún rankað aðeins við sér þannig að hún hafi áttað sig á að hlutirnir væru í alvöru að gerast. Hafi hún ýtt honum frá sér og náð að standa á fætur, en hann hafi ætlað að halda áfram og ýtt henni á klósettið. Hafi hún náð í hurð á básnum en þá hafi hún heyrt eins og einhver væri að koma inn á snyrtinguna. Viðkomandi hafi farið strax út aftur. Hafi hana langað að öskra en ekki getað það. Hafi henni tekist að teygja sig í hurðina og taka úr lás. Hafi hún sagt eitthvað eins og „I want to go“ en hann sagt „I am not finished“. Hafi hún náð að opna hurðina og náð að komast fram á gang. Hafi árárarmaðurinn ætlað að ná henni inn aftur og sagt „I am not finished“. Hafi hún verið með sokkabuxurnar á hælunum. Maðurinn hafi síðan forðað sér í burtu. Y hafi enn verið í losti. Hafi hún síðan farið aftur inn á snyrtinguna og inn á þann salernisbás sem hafi verið nær hurðinni til að laga sokkabuxurnar. Þá hafi hún tekið eftir að hún hafi verið með blóð á hendi og á læri. Hún hafi farið að gráta. Hún hafi gengið fram grátandi og þá séð þjón koma niður. Um hafi verið að ræða sama barþjón og fyrr um kvöldið hafi afgangið Y og vinkonu hennar á barnum. Hafi þjónninn talað við Y á ensku og spurt hvað væri að. Hún hafi farið að gráta og árárarmaðurinn þá komið aftur niður. Hafi hún bent á árárarmanninn og sagt honum að láta sig í friði. Hann hafi spurt hvað væri að en barþjónninn þá spurt árárarmanninn hvað hann hafi gert. Hafi árárarmaðurinn þá sagt að hann hafi einungis fylgt henni á snyrtinguna. Hún hafi bent á hann og sagt „he used me“ en í raun ekki vitað hvernig hún ætti að orða það sem hafi gerst. Þjónninn hafi farið með hana upp og þau hitt fleira fólk er unnið hafi á hótelinu. Síðan hafi lögregla verið kölluð til. Í framhaldi hafi verið farið með hana á neyðarmóttöku.

Tekin var fyrst skýrsla af ákærða hjá lögreglu 18. mars 2007. Ákærði kvaðst hafa hitt Adam Robert Danowski, sem hann þekkti ekki vel, á Hótel Sögu á milli kl. 21.00 og 22.00 að kvöldi 16. mars 2007. Adam hafi viljað fara á staðinn þar sem honum hafi litist vel á hann, auk þess sem hann hafi þekkt einn af barþjónum hótelsins. Hafi þeir drukkið nokkra bjóra og rætt saman. Einhvern tímann um kvöldið hafi þeir farið á næstu hæð fyrir ofan en þar hafi verið samkvæmi. Hafi þeir

fengið sér sæti. Þar hafi þeir hitt m.a. tvær íslenskar stelpur. Einhverju síðar hafi ákærði og Adam farið út á ganginn niðri og þeir staðið við stiga sem legið hafi niður í kjallara. Þar hafi þeir staðið nokkra stund. Stúlka hafi komið til þeirra og spurt hvar snyrtingin væri. Hafi ákærði sagt henni að hún væri niðri. Stúlkan hafi verið talsvert drukkin og haldið á drykk í hendinni. Hafi hún ekki alveg náð því sem ákærði hafi sagt og spurt aftur hvar snyrtingin væri. Hafi ákærði þá fært sig neðar í stigann og séð að stúlkan hafi ekki farið réttu megin. Hafi hún þá spurt hvar snyrtingin væri nákvæmlega og hafi ákærði þá spurt hana að því hvort hann ætti að sýna henni það. Því hafi hún svarað játandi. Á leiðinni inn á snyrtinguna hafi þau byrjað að ræða saman og hún boðið ákærða að smakka á drykk sem hún hafi verið með. Á meðan þau hafi gengið niður stigann hafi ákærði tekið utan um mittið á henni til að koma í veg fyrir að hún myndi detta niður stigann. Á leiðinni niður hafi hún aftur boðið honum sopa og ákærði þá spurt hana hvort hann mætti ganga með henni inn á snyrtinguna. Hafi hún svarað á ensku „sure“. Þegar ákærði hafi ætlað inn á snyrtinguna hafi kona sem stödd var á snyrtingunni stöðvað för hans. Hafi hún bent ákærða á merki þar sem staðið hafi að um væri að ræða kvennasnyrtingu. Hafi ákærði beðið stutta stund þar til konan hafi farið. Þá hafi ákærði farið inn á snyrtinguna og beðið þar uns stúlkan hafi komið út af salernisbás á snyrtingunni. Hafi hún gengið til ákærða og spurt hann hvort hann vildi meira að drekka og hafi ákærði fengið sér sopa hjá henni. Að því búnu hafi hann sett hendur um mjaðmir stúlkunnar og hafi þau kysst hvort annað á munninn. Hafi þau verið að kyssast svolítið lengi. Síðan hafi þau bakkað saman inn á salernisbásinn sem hafi verið fjær hurðinni inn á salernið. Hafi ákærði lokað að þeim með olnboganum en ekki læst hurðinni. Þar hafi þau haldið áfram að kyssast og síðan byrjað að klæða sig úr fötum. Hafi ákærði vitað að stúlkan vildi þetta því þegar ákærði hafi byrjað að klæða hana úr hafi hún látið sem hún vildi það, auk þess sem hún hafi byrjað að hneppa frá skyrtu ákærða. Hafi hún reynt að lyfta skyrtu ákærða upp yfir höfuð en ekki tekist það. Hafi ákærði lyft kjól hennar upp og dregið sokkabuxur og nærbuxur hennar niður. Hafi þau staðið í fyrstu en það ekki verið þægilegt. Hafi þau því breytt um samfarastellingu með þeim hætti að ákærði hafi sest á klósettið og hún sest ofan á ákærða. Þannig hafi þau haft samfarir. Eftir einhvern tíma hafi einhver komið inn á salernið og hún þá hætt. Hafi hún athugað hvort hurðin væri læst og í framhaldinu læst hurðinni. Eftir það hafi þau hlegið stutta stund og byrjað að tala saman. Hafi ákærði spurt hana hvort hún væri reiðubúin að gefa ákærða upp símanúmer sitt og hún verið til í það. Hafi ákærði hringt úr farsíma sínum í farsíma hennar svo hún hefði númer ákærða sem „dialled number“. Hafi hún því næst spurt ákærða hve gamall hann væri og hvað hann hét. Hafi hún sagt ákærða eitthvað um sig og að hún hafi verið á hótelinu í samkvæmi. Síðan hafi Adam hringt í ákærða og spurt hann hvar hann væri. Hafi ákærði sagt honum að hann væri alveg að koma. Ákærði og stúlkan hafi gengið út á ganginn og að stiganum. Ekki hafi ákærði séð að hún hafi verið með sokkabuxur og nærbuxur niður um sig. Þegar Adam hafi séð það hafi hann farið að hlæja og ákærði farið að hlæja aðeins líka. Hafi ákærði sagt henni að fara inn á snyrtinguna og laga sig til. Hafi ákærði farið upp stigann til Adams. Er ákærði hafi gengið upp hafi stúlkan staðið fyrir framan snyrtinguna og verið að laga sig til. Ákærði hafi reykt hálfu sigarettu á hæðinni fyrir ofan en þá hafi ákærði farið að athuga með stúlkuna. Hafi hann beðið eftir henni fyrir framan kvennasnyrtinguna. Hún hafi komið skömmu síðar fram og verið grátandi. Hafi ákærði farið inn á snyrtinguna en hún sagt honum að láta sig í friði. Hafi ákærði rétt henni þurrkubréf til að þurrka tárin. Hún hafi tekið við bréfinu og byrjað að þurrka tárin en sagt um leið að hún vildi ekki sjá ákærða. Hafi ákærði spurt hana hvort hann hafi gert henni eitthvað slæmt en hún svarað „nothing“. Hafi ákærði spurt

hana hvort hann mætti hringja í hana næsta dag en hún ekki svarað því. Síðan hafi barþjónn komið gangandi niður og spurt hana hvort eitthvað hafi komið fyrir. Hún hafi svarað „nothing“. Hafi hún sagt við ákærða „leave me alone“. Barþjónninn hafi litið á ákærða og spurt hann hvort hann hafi gert henni eitthvað og hafi ákærði sagt honum að hann hafi ekki gert henni neitt illt. Hafi ákærði spurt stúlkuna aftur hvort hann mætti hringja í hana næsta dag en hún sagt honum að láta sig í friði. Hafi ákærði spurt stúlkuna hvað væri að en hún sagt við barþjónninn að ákærði ætti að láta sig í friði og að ákærði hefði misnotað hana. Hafi ákærði sagt að þetta væri ekki satt en hún sett hendurnar um háls barþjónsins. Barþjónninn hafi sagt ákærða að fara í burtu og að hann myndi hringja á lögregluna. Stúlkan hafi beðið barþjónninn um að gera það ekki. Ákærði hafi farið upp og sótt jakka sinn. Hafi hann verið stutta stund með vinum sínum og beðið við barinn. Hafi hann síðan ákveðið að ganga út af hótelinu því hann hafi ekki viljað að lögregla myndi handtaka hann þar inni. Adam hafi gengið með út ákærða. Á gangstéttinni fyrir utan hótelið hafi sami barþjónn og áður komið að og einhverjir Kínverjar. Barþjónninn hafi bent á ákærða og haldið á farsíma og sagt að hann væri að hringja á lögreglu. Þeir hafi síðan komið upp að ákærða og blótað honum. Ákærði hafi snúið sér við og gengið á brott. Hafi hann fundið fyrir lausu höggi á hnakkann. Hafi hann snúið sér við en þá fengið högg á nef og við það fengið blóðnasir. Einhver hafi komið aftan að honum og gripið utan um hann og hent honum í jörðina. Þeir hafi byrjað að lemja á ákærða, sem borið hafi fyrir sig hendurnar. Tveir menn hafi ýmist reynt að kýla eða sparka í ákærða. Adam hafi farið heim til sín og sagt að hann vildi ekki taka þátt í þessu. Ákærði hafi staðið upp og ýtt öðrum mannanna frá sér og hafi sá dottið í snjóinn. Ákærði hafi togast á við hinn. Hafi ákærði síðan náð að hlaupa í burtu frá þeim. Hafi hann tekið eftir því að mennirnir hafi hlaupið á eftir ákærða. Ákærði hafi síðan gengið upp að Perlunni í Öskjuhlíð og þar hringt á móður sína, sem hafi í framhaldi komið og náð í ákærða. Þau hafi síðan farið heim. Aðspurður bar ákærði að stúlkan hafi á kvennasnyrtingunni haft munnmök við ákærða og hafi hann sleikt stúlkuna að neðan. Þá kvaðst ákærði hafa tekið eftir því að stúlkunni hafi blætt á snyrtingunni. Ekki hefði ákærði skýringar á því, en ef til vill hafi það verið vegna þess að þau hafi haft samfarir of hratt. Er ákærða voru sýndar myndir úr eftirlitsmyndavélakerfi Hótel Sögu kvaðst ákærði þekkja sig á myndskeiðum sem þann einstakling er hafi verið með derhúfu á höfði. Adam hafi verið sá í ljósu úlpunni. Ákærði kvaðst telja að skýringin á því að stúlkan hafi lagt fram kæru á hendur honum fyrir nauðgun sennilega vera vegna þess að ákærði hafi skilið hana eftir á ganginum þegar hún hafi verið með sokkabuxurnar niður um sig, auk þess sem ákærði og Adam hafi hlegið aðeins að henni. Ákærði kvaðst hafa viljað gefa sig fram við lögreglu næsta dag, en hann hafi verið hræddur við að gefa sig fram þar sem hann væri útlendingur.

Ákærði var á ný yfirheyrður af lögreglu 23. mars 2007. Aðspurður um klæðnað í greint sinn kvaðst ákærði hafa verið í brúnum skóm og brúnum buxum. Hann hafi verið í grænni úlpu og með græna húfu. Ákærði kvaðst hafa tvö gsm símanúmer. Ekki þekkti ákærði þau númer. Væri ákærði með tvö símtæki, annað fyrir pólskt símanúmer sitt en hitt væri fyrir hið íslenska. Ákærði kvaðst ekki rengja þá ályktun lögreglu að annar síminn hafi verið með símanúmerið 661 6076. Þá bar ákærði að hann og félagar hans hafi verið við stiga á 2. hæð hótelsins þegar stúlka hafi komið að þeim og spurt um kvennasnyrtinguna. Stúlkan hafi farið niður á 1. hæð en ekki gengið í rétta átt miðað við hvar stiginn niður í kjallara hafi verið. Ákærði hafi gengið niður stigann og niður á 1. hæð ásamt Adam og Pólverja er hafi verið með þeim. Hafi ákærði sagt við stúlkuna að hún væri að ganga í ranga átt og

hafi hann boðið henni að sýna henni hvar salernið væri að finna. Hafi stúlkan þegið það. Adam og hinn maðurinn hafi orðið eftir á 1. hæðinni. Hafi ákærði sagt eitthvað á þá leið „ég fer kannski með þér á salernið“ og hafi stúlkan þegið það. Þá hafi verið orðið ljóst um hvað málið snérist og stúlkan vitað að um kynferðislega athöfn yrði að ræða. Hafi það birst í því að við að ganga af 1. hæðinni niður í kjallara hafi ákærði tekið utan um stúlkuna og hún utan um hann. Hún hafi síðan gefið honum að drekka úr glasi sem hún hafi verið með. Að því er varðaði atvik inni á kvennasnyrtingunni hafi stúlkan komið út af bás snyrtingarinnar. Þá hafi ákærði verið inni á kvennasnyrtingunni. Hafi hann þá spurt stúlkuna eitthvað eins og „hvað gerist núna“. Hafi stúlkan þá spurt hann hvort hann vildi sopa af drykk hennar. Hafi ákærði þá fengið sér sopa. Í framhaldi hafi þau farið að kyssast. Að því er varðaði för inn á kvennasnyrtinguna þá hafi stúlkan gefið ákærða leyfi til að koma inn á snyrtinguna. Hafi það verið rétt áður en stúlkan hafi farið inn á snyrtinguna. Að því er varðaði kynlífsathafnir þeirra þá hafi stúlkan gefið ákærða leyfi fyrir þeim. Þau hafi eins og áður sagði farið að kyssast inni á bás salernisins. Hafi verið alveg ljóst um leið og þau hafi farið að snerta hvort annað að kynlíf hafi verið það sem hún hafi viljað. Hægar og næmar snertingar hafi verið þeirra á milli. Um atburði tengda samræðinu inni á snyrtingunni bar ákærði með sama hætti og áður hjá lögreglu. Er þau hafi verið búin að ræða saman stutta stund hafi hann spurt hana hvort hann mætti fá símanúmer hennar. Vegna tungumálaerfiðleika hafi orðið úr að hann hafi rétt henni símann sinn og hún ritað símanúmer sitt í síma ákærða. Stúlkan hafi hringt úr síma sínum í síma ákærða og þannig hafi símanúmerið vistast. Ekki hafi ákærði kannað hvort símanúmer hennar væri enn í síma sínum. Adam hafi hringt og spurt hvort þau væru búin, en hann hafi vitað hvað hafi verið í gangi á milli ákærða og stúlkunnar. Hafi ákærði sagt að hann væri að koma. Hann og stúlkan hafi gengið út af snyrtingunni og út ganginn að stiganum. Adam hafi staðið við stigann og horft út ganginn. Þá hafi þau veitt því athygli að stúlkan hafi enn verið með nærbuxur og sokkabuxur um ökkla. Ákærði og Adam hafi farið að hlæja en stúlkan ekki hlegið. Hafi hann sagt við stúlkuna að hann þyrfti að fara. Hafi stúlkan þá snúið við inn á salernið. Ákærði hafi farið upp og reykt hálfu sígarettu. Hafi hann sagt við Adam að hann yrði að fara niður í kjallara til að kanna með stúlkuna þar sem hún hafi ekki verið komin upp. Hafi hann farið niður og opnað hurð að salerninu. Stúlkan hafi verið hágrátandi inni á einum bás snyrtingarinnar. Er hann hafi spurt af hverju hún væri að gráta hafi hún svarað „nothing“. Aðspurð hafi hún ekki svarað því frekar. Hún hafi beðið hann um að láta sig í friði. Þau hafi gengið út af salerninu og fram á gang. Ekki hafi hún svarað er hann hafi spurt hvað væri að. Þau hafi gengið í átt að stiganum er þau hafi mætt barþjóni sem ekki hafi verið íslenskur. Barþjónninn hafi spurt stúlkuna hvað amaði að. Stúlkan hafi svarað á ensku að ekkert hafi komið fyrir. Hún hafi beðið barþjóninn um að biðja ákærða um að láta sig í friði. Barþjónninn hafi beðið ákærða um að fara. Stúlkan hafi sagt að ákærði hafi misnotað sig og um leið hent sér um háls barþjónsins. Ákærði hafi neitað þessu en barþjónninn sagt honum að koma sér í burtu. Adam hafi á þessum tímapunkti verið á 1. hæð. Barþjónninn hafi talað um að hringja á lögreglu. Stúlkan hafi hins vegar sagt að hann skyldi ekki gera það. Það hafi hún endurtekið. Stúlkan hafi farið frá þjóninum. Ákærði kvaðst hafa farið að hlæja, gengið upp stigann og farið að barnum á 1. hæð. Þar hafi hann drukkið hálfan bjór og rætt við Adam. Adam hafi haft á orði að lögregla myndi koma. Hafi ákærði sagt við Adam að hann myndi ætla að biða eftir lögreglu enda óþarfi að hlaupa á brott. Ákærði hafi ákveðið að fara út og biða þar eftir lögreglu. Adam hafi farið út með honum. Hafi þeir séð barþjóninn sem hringt hafi á lögreglu. Adam hafi gengið hratt frá og ákærði elt hann og spurt hann hvert Adam væri að fara. Adam hafi ætlað heim og ekki viljað blanda sér í

málið. Eftir að Adam var farinn hafi ákærði gengið aftur að hótelinu. Barþjónninn hafi þá bent einhverjum Asíumönnum á ákærða, sem gengið hafi hratt að honum. Eftir það hafi hann lent í þeim átökum er hann hafi áður greint frá. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir að stúlkunni hafi blætt. Hann hafi hins vegar tekið eftir blóði í fötum sínum eftir að heim var komið. Hafi hann talið þetta vera blóð úr sér. Hafi ákærði þvegið blóðið úr buxunum sínum. Er ákærða var kynntur framburður Y kvað hann framburð hennar rangan. Varðandi það af hverju ákærði hafi ekki gefið sig fram við lögreglu kvaðst ákærði hafa talið að atburðarás yrði túlkuð á rangan hátt þar sem hann hafi hlaupið á brott. Hafi hann rætt við Pétur Sigurðsson vegna þessa og Pétur ráðlagt honum að bíða með að hafa samband við lögreglu. Kvaðst ákærði hafa talið að útlendingar nytu ekki sannmælis hér á landi. Er ákærða var kynnt að Y hafi borið áverka eftir atburðinn kvaðst ákærði ekki hafa beitt stúlkuna ofbeldi. Hefði hann ekki skýringu á áverkum hennar.

Ákærði var í þriðja sinn yfirheyrður af lögreglu 28. mars 2007. Voru borin undir hann einstök atriði í framburði Y við lögregluyfirheyrslu. Kvaðst ákærði vísa í fyrri framburð sinn um atvik. Ákærði kvað Y hafa verið inni á salernisbás snyrtingarinnar er hann hafi komið inn á snyrtinguna. Þá kvaðst ákærði hafa afhent stúlkunni síma sinn og vita til þess að hún hafi slegið símanúmer inn í símann. Ekki vissi ákærði hvort hún hafi verið með eigin síma. Vissi ákærði því ekki hvort hún hafi hringt. Ákærði kvaðst telja að hann hafi verið með tvo síma þegar atburðir hafi átt sér stað. Þó væri hann ekki viss um það. Varðandi áverka á anus Y kvaðst ákærði hafa ætlað að setja lim sinn óvart í endaparm Y. Y hafi ekki viljað það heldur fá lim sinn í kynfæri sín. Þau hafi fyrst reynt að hafa samfarir standandi en síðan hafi hann sest á klósettið og hún sest ofan á hann. Þannig hafi þau haft samfarir. Ákærði kvað framburð Y um athafnirnar á gólfi salernisins rangan þar sem ákærði hefði ekki getað komist fyrir við hliðina á klósettinu.

Ákærði var loks yfirheyrður af lögreglu 7. maí 2007. Ákærði kvaðst ítreka fyrri framburð um að hann hafi hitt stúlkuna í stiga uppi á 2. hæð hótelsins. Undir ákærða boru borin myndskleið úr eftirlitsmyndavélakerfi og tímasetningar í því sambandi. Var ákærði inntur eftir því af hverju hann hafi klætt sig í yfirhöfn eftir að hann hafi komið upp frá kjallaranum. Kvaðst ákærði hafa ætlað að fara á diskótek ásamt Adam. Þá voru ákærða kynnt tiltekin atriði í framburði Adam.

Fyrir dómi við aðalmeðferð málsins 23. maí sl. greindi ákærði þannig frá atvikum að hann hafi í umrætt sinn hringt í Adam og þeir félagar mælt sér mót á Hótel Sögu. Adam hafi þá verið staddur á Sögu og verið að drekka bjór. Ákærði hafi mætt á hótelið og þeir félagar drukkið saman einn eða tvo bjóra. Ekki myndi ákærði hve lengi þeir hafi setið saman. Til hafi staðið að fara á diskótek. Þeir hafi hins vegar heyrt að diskótek væri á efri hæð hótelsins og mikið af fólki þar. Hafi þeir ákveðið að fara upp. Þeir hafi m.a. spjallað við tvær stúlkur. Þeir hafi síðan farið af diskótekinu og ætlað niður. Þeir hafi staðið á ganginum. Þá hafi komið að þeim stúlka sem hafi spurt um snyrtinguna. Hafi henni verið tjáð að salernið væri niðri. Hafi hún spurt hvar og ákærði sagt að það væri hægra megin. Stúlkan hafi farið niður og gengið til vinstri. Hafi hann sagt henni að fara til hægri. Þá hafi hún spurt hvar nákvæmlega snyrtingin væri. Hafi ákærði þá sýnt henni hvar snyrtingin var. Hafi þau orðið samferða niður og rætt saman á leiðinni. Þau hafi haldið utan um hvort annað á leiðinni. Stúlkan hafi verið með grænleitan drykk í glasi og ákærði fengið sopa af drykknum hjá henni. Hafi þau farið að kvennasnyrtingunni og mikið rætt saman. Hafi stúlkan m.a. spurt ákærða um aldur og hvar hann byggi.

Hafi hann spurt stúlkuna að hinu sama. Er þau hafi verið komin að snyrtingunni hafi ákærði spurt hvort hann mætti koma með henni inn. Hafi hún samþykkt það. Þau hafi opnað hurð að salerninu saman. Í því hafi kona, sem hafi verið inni á snyrtingunni, stöðvað ákærða og bent honum á að snyrtingin væri fyrir konur. Hafi ákærði beðið fyrir framan snyrtinguna á meðan konan hafi verið þar inni. Eftir það hafi ákærði farið inn á snyrtinguna. Hafi stúlkan þá verið inni á salernisbás. Eftir að hún kom fram hafi ákærði spurt hvað þau ættu að gera. Hún hafi spurt ákærða hvort hann vildi drykk og hann þegið sopa. Þau hafi rætt saman og byrjað að kyssast. Stúlkan hafi kysst ákærða á móti. Eftir stutta stund hafi þau gengið inn á salernisbás sem hafi verið fjarri hurðinni inn á salernið. Þar hafi þau haldið áfram að kyssast og lokað hurð að básnum. Í framhaldi hafi þau byrjað að klæða hvort annað úr. Hafi hún verið samþykk því að lyfta kjól hennar upp. Þau hafi klætt hvort annað úr. Hún hafi viljað að ákærði beygði sig niður til að hann gæti sleikt kynfæri hennar. Hafi hún ýtt höfði hans niður í þeim tilgangi. Hafi ákærði gert það standandi. Síðan hafi hún sest niður. Þá hafi hún klætt ákærða úr buxum og byrjað að hafa við hann munnmök. Hafi stúlkan sjálf sett lim ákærða í munn sér. Síðan hafi hún staðið upp og þau reynt samfarir standandi. Það hafi ekki tekist. Hafi ákærði þá sest á klósettið og hún sest ofan á ákærða. Þannig hafi þau haft mök í stutta stund. Þau hafi síðan reynt aftur standandi en það ekki tekist. Hún hafi þá sest aftur yfir ákærða. Einhver hafi þá komið inn á salernið og hún athugað hvort hurð að salernisbásnum væri lokuð. Þau hafi flissað og talað saman. Stúlkan hafi viljað gefa ákærða símanúmer sitt og stimplað það inn í síma ákærða. Það hafi hins vegar ekki vistast því síminn hafi endurræst sig. Þau hafi haldið áfram að hafa mök þar til hún hafi sagt að nóg væri komið. Hafi hún þá viljað fara út. Ákærði kvaðst hafa séð blóð þegar þau hafi verið að ljúka við samfarirnar. Hafi hann tekið eftir því þegar hann hafi verið að klæða sig í buxur eftir athafnirnar. Ekki hafi ákærði haft hugmynd um ástæðu þess að blóð hafi verið á honum. Þau hafi ekki reynt mök um endaparm. Stúlkan hafi greinilega verið ölvuð. Hafi hún m.a. rekið sig utan í vegg. Stúlkan hafi aldrei gefið til kynna að hún hafi verið andsnúin samræðinu. Þau hafi farið fram á gang hótelsins þar sem ákærði hafi séð Adam. Stúlkan hafi ekki alveg verið búin að klæða sig og Adam flissað af því. Ákærði og Adam hafi talað saman á pólsku og hlegið. Hún hafi sennilega ekki vitað af hverju þeir hafi verið að hlæja og farið aftur inn á snyrtinguna til að klæða sig. Ákærði hafi farið upp á efri hæðina til að ljúka við bjór. Hafi hann drukkið hálfan bjór og síðan farið að leita að stúlkunni til að athuga hvort ekki væri allt í lagi með hana. Þá hafi hann komið að henni þar sem hún hafi verið grátandi. Ákærði hafi viljað rétta henni bréf til að þurrka tárin. Hafi hann séð að hún var ölvuð. Stúlkan hafi viljað að ákærði léti sig í friði. Ekki hafi hún viljað að ákærði hringdi í sig næsta dag. Ákærði hafi reynt að ræða við stúlkuna en hún sagt ákærða að fara. Ákærði hafi farið upp og rætt við Adam og lokið við bjórinn sinn. Ákærði hafi viljað ræða við stúlkuna aftur en þá hafi barþjónn verið kominn til hennar. Stúlkan hafi þá verið grátandi. Hafi stúlkan verið spurð að því hvað væri að en hún sagt að ekkert væri að. Hún hafi hins vegar sagt við barþjóninn að hann ætti að segja ákærða að fara. Barþjónninn hafi ekkert sagt. Stúlkan hafi ekki viljað ræða við ákærða og ítrekaði að ákærði yrði að fara. Hafi hún sagt að ákærði hafi notað sig. Hafi hún kastað sér í fang barþjónsins. Barþjónninn hafi þá sagt ákærða að fara. Ákærði hafi farið upp og drukkið hálfan bjór og rætt við Adam. Ákærði hafi farið í yfirhöfn og farið út. Barþjónninn hafi rætt við einhvern í síma og bent á ákærða. Hafi hann sagt ákærða hafa gert stelpunni eitthvað. Ákærði hafi hins vegar sagt að hann hafi ekkert gert henni. Ákærði hafi þá verið sleginn í höfuðið og fengið verk í höfuðið. Þá hafi hann fengið spark í bakið og dottið í jörðina. Hafi hann náð að standa á fætur og hlaupið

í burtu. Ákærði hafi ekki ætlað að flýja en hann hafi við árásina hlaupið á brott. Hafi hann hringt í móður sína og hún komið og náð í hann. Um ástæður þess að stúlkan hafi verið með áverka við endarmarm bar ákærði að skýring á þeim áverka geti verið að er stúlkan hafi sest ofan á ákærða hafi hún ef til vill sest vitlaust niður og limur ákærða þar með ekki farið á réttan stað. Þá kvað ákærði áverka á baki stúlkunnar hafa getað komið þegar stúlkan hafi sest á klósettið og þrýst baki að klósettinu. Þá hafi hún verið að hafa munnmök við ákærða. Ákærði kvað þau aldrei hafa haft kynmök á gólfi salernisins. Þar hefðu þau ekki komist fyrir.

Y gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins 23. maí sl. Var framburður hennar fyrir dómi nokkuð á sama veg og við skýrslugjöf hjá lögreglu. Kvaðst hún hafa verið á árshátíð hjá veitingahúsakeðjunni Subway á Hótel Sögu. Hafi hún drukkið áfengi með mat um kvöldið. Áður en það hafi gerst hafi hún fengið sér einn Breezer á staðnum. Hafi hún ekki drukkið mikið áfengi þetta kvöld. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis en ekki mjög ölvuð. Hún hafi ætlað á snyrtinguna. Hafi hún farið ein niður en hún hafi vitað af salerni í kjallara. Hafi hún komið að stiga þar sem þeir karlmenn hafi staðið. Hafi þeir talað saman á pólsku. Hafi hún spurt þá á ensku um snyrtinguna. Þeir hafi bent henni á að fara niður. Einn þeirra hafi spurt hvort hann ætti að fylgja henni niður. Hafi hún sagt að hann þyrfti þess ekki. Hún hafi spurt þá hvort þeir væru frá Póllandi. Hún hafi síðan farið niður. Einn mannanna hafi komið á eftir henni. Kona sem verið hafi á salerninu hafi ýtt manninum út. Y hafi pissað á salerninu en orðið hrædd um að maðurinn kæmi inn á salernið. Hafi hún því beðið stutta stund. Er hún hafi komið fram af salernisbásnum hafi maðurinn verið kominn inn á salernið. Konan hafi þá verið farin af salerninu. Maðurinn hafi ýtt henni inn á þann salernisbás sem verið hafi lengst frá hurðinni inn á salernið. Hafi hann byrjað að kyssa hana og þukla á henni. Hafi henni brugðið mjög og ekki vitað hvað hún ætti að gera. Hafi hún fengið áfall. Það næsta er hún myndi hafi verið þar sem maðurinn hafi verið að taka sokkabuxur hennar niður og síðan ýtt henni niður á klósettið. Þá hafi hann tekið niður buxur sínar. Í framhaldinu hafi hann neytt hana til að opna munninn og sett liminn upp í hana. Síðan hafi hann ýtt henni niður af klósettinu og upp í horn á gólfinu. Maðurinn hafi farið ofan á hana og sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar. Hún hafi verið í „kremju“ í horni bássins. Hún hafi fundið fyrir sársauka í baki við þetta. Maðurinn hafi ætlað að reyna að setja lim sinn í endarmarm hennar en hún þá fundið mikinn sársauka. Hafi hún náð að ýta manninum af sér og standa á fætur. Hafi hún verið í miklu áfalli. Hafi verið eins og hún hafi verið að ranka við sér af vondum draumi. Hafi hún sagt að hún vildi fara heim en hann sagt að hann væri ekki búinn og lokað hurðinni að básnum. Hafi hún heyrt eins og einhver hafi komið inn á salernið. Viðkomandi hafi farið strax út aftur. Hún hafi ekki getað öskrað. Hún hafi síðan náð að toga í hurð að básnum og taka úr lás. Eftir að hún hafi náð að taka úr lás hafi henni tekist að komast út úr básnum. Maðurinn hafi komið á eftir henni út úr básnum og að vöskunum á salerninu. Hafi hún ætlað út af salerninu en hann farið á undan henni út. Fyrir utan salernið hafi hún heyrt manninn hlæja en þá hafi hann verið með tveimur vinum sínum. Hafi Y verið litið niður og hún séð að hún hafi verið með sokkabuxurnar á hælunum og blóð á læri. Hafi hún farið aftur inn á salernið til að lagfæra sokkabuxurnar. Er hún hafi farið aftur út af salerninu hafi þjónn af hótelinu verið kominn niður. Hafi hún farið til hans og þá verið grátandi. Hafi hún bent á ákærða og hann þá flúið af staðnum. Hún hafi farið upp á efri hæð og beðið þar til lögregla hafi komið á staðinn. Eftir það hafi hún farið á neyðarmóttöku. Y kvaðst hafa verið mjög slæm vegna áverkanna í bakinu í um 2 mánuði eftir atburðinn. Hún hafi við aðfarirnar fengið sár við endarmarminn sem gert hafi það að verkum að hún

hafi í um einn og hálfan mánuð átt mjög erfitt með að sitja. Y kvaðst hafa fengið áverka á bakið er henni hafi verið ýtt upp í horn salernisbássins. Ekki væri hún viss um hvernig hún hafi fengið áverka á hnéð. Öll atburðarásin hafi sennilega tekið um 20 til 30 mínútur. Allt hafi gerst mjög hratt. Y kvaðst telja að áfengi hafi haft einhver áhrif á hana þetta kvöld. Þó hafi það sjökk sem hún hafi fengið haft mest áhrif. Hafi hún einfaldlega ekki vitað hvað væri að gerast. Maðurinn hafi aldrei spurt hana að því hvort hún vildi hafa við hann samfarir. Ekki kvaðst Y muna hvort maðurinn hafi gengið samferða henni niður að salerninu þessa nótt. Þá kvaðst hún nú ekki muna hvort hún hafi verið með glas í hendi á þeim tíma. Hún kvaðst muna að hún hafi aldrei gefið manningnum leyfi til að fara inn á kvennasnyrtinguna. Y kvaðst vera 158 cm á hæð. Y kvaðst muna aðalatriði atburðanna nokkuð vel. Hún kvaðst ekki hafa rætt við ákærða frammi á gangi fyrir framan salernið. Y kvaðst viss um að ákærði hafi notað báðar hendur er hann hafi ýtt henni inn á salernisbásinn. Hafi hún við það farið aftur á bak inn á básinn. Allt hafi gerst mjög hratt og áður en hún hafi vitað af hafi hlutirnir gerst. Hún hafi frosið til að byrja með og fundist eins og hana væri að dreyma. Er hún hafi fundið sársaukann hafi hún rankað aðeins við sér og hugsað að hún þyrfti að komast í burtu. Hafi hún reynt að yta manningnum af sér en hann hafi ekki hætt. Undir Y var borið að hún hafi við fyrri aðalmeðferð málsins borið að ákærði hafi sleikt kynfæri hennar. Kvað Y það geta staðist en hún hafi sennilega munað hluti betur þá. Atburðirnir hafi haft mjög slæmar afleiðingar fyrir Y. Gæti hún enn ekki farið ein út að ganga. Hafi hún ekki getað sofið á nóttinni og alltaf þurft að hafa einhvern hjá sér. Ætti hún erfitt með að treysta fólki. Væri hún enn ekki búin að jafna sig. Væri hún taugaveikluð og með skapsveiflur.

Soffía Ófeigsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglu 21. mars 2007 og fyrir dómi við aðalmeðferð málsins 23. maí. Soffía kvaðst hjá lögreglu hafa verið með hópi fólks þetta kvöld og hafa verið stödd á Mímisbar. Hafi þau pantað sér drykk og hún ákveðið að bregða sér á salernið á meðan beðið hafi verið eftir drykkjum. Hafi hún gengið ein niður stiga og þar inn á kvennasnyrtinguna. Hafi hún píssað og snyrt sig eftir á við vaskinn. Á meðan hún hafi verið að ganga frá snyrtidóti sínu hafi stúlka komið inn á snyrtinguna. Fljótlega eftir að stúlkan hafi komið inn á salernið hafi Soffía farið út af salerninu. Er hún hafi opnað hurð fram á ganginn hafi verið staddur þar strákur sem Soffíu hafi fundist sem ætlaði inn á kvennasalernið. Hafi Soffía litið á strákinn og gefið honum til kynna með augunum að hann ætti ekki að fara inn á þessa snyrtingu. Hafi Soffía gengið ganginn að stiganum en litið við rétt áður en hún hafi komið að stiganum. Hafi hún ákveðið með sjálfri sér að athuga hvort strákurinn færi inn á snyrtinguna eða hvað hann væri að gera. Það hafi verið greinilegt að hann hafi ekki verið að ruglast á snyrtingum. Ekkert hafi bent til að þessi stúlka og strákurinn væru saman. Hafi það verið einhver tilfinning sem Soffía hafi fengið. Fyrir dómi bar Soffía að mestu á sama veg. Kvaðst hún hafa gefið sig fram við lögreglu eftir að lýst hafi verið eftir konu sem hafi verið á snyrtingunni þessa nótt. Stúlkan hafi farið rakleitt á salernisbásinn. Hafi Soffía verið að opna dyrnar að salerninu um leið og strákurinn hafi ætlað inn á salernið. Hafi hann staðið áfram við hurðina eftir að Soffía hafi farið út. Hafi henni fundist sem strákurinn væri að bíða eftir því að Soffía færi á brott. Hún hafi ekki séð manningnum og stúlkuna koma saman að salerninu.

Adam Robert Danowski gaf skýrslu hjá lögreglu í þriggung. Var það í fyrstu 18. mars 2007 og síðan næsta dag á eftir. Loks var Adam yfirheyrður 25. apríl 2007. Kvaðst Adam hafa komið á Hótel Sögu í umrætt sinn til að hitta vinkonu

sína. Hafi Adam komið um kl. 18.00 og farið rétt um kl. 23.00. Hafi hann hitt þessa vinkonu sína og rætt við hana. Þá hafi Adam rætt við pólskan barþjón sem unnið hafi á staðnum. Hafi hann setið við barinn og drukkið bjór. Einnig hafi hann hitt Pólverja, sem sennilega hafi heitið Norbert eða Robert. Þann mann hafi Adam aldrei hitt áður og vissi ekki nein frekari deili á honum. Hafi hann fengið símanúmer mannsins þar sem þeir hafi ef til vill ætlað að hittast síðar. Símanúmer mannsins hafi verið 661 6076. Hafi maðurinn lýst því hvað hann væri búinn að vera lengi á Íslandi og hvað hann ætlaði að dvelja lengi hér á landi. Er þar var komið sögu í yfirheyrslunni kvaðst Adam vilja breyta fyrri framburði sínum. Kvaðst hann hafa séð þennan mann fara með stelpu á snyrtinguna. Hafi Adam fengið sér sígarettu á meðan. Strákurinn hafi komið aftur og stúlkan þá verið grátandi. Hafi Adam sagt drengnum frá því og drengurinn þá farið og rætt aftur við stúlkuna. Þá hafi stúlkan verið að ræða við Spánverja sem hafi verið að vinna á bar hótelsins. Í framhaldinu hafi drengurinn komið aftur og sagt að best væri að þeir færu. Hafi drengurinn sagt að stúlkan hafi sagt að hann hafi misnotað hana. Því væri best að þeir færu. Drengurinn hafi hlaupið út og Adam farið á eftir. Ekki vissi Adam hvert drengurinn hafi hlaupið en Adam hafi farið heim til sín að Háteigsvegi. Á leiðinni hafi hann séð lögreglubifreiðar aka um svæðið. Eftir að hann hafi séð drenginn hlaupa frá hótelinu hafi hann ekki séð hann. Drengurinn hafi hins vegar hringt í Adam nokkrum sinnum og þeir rætt um að lögregla hafi komið á hótelið. Hafi Adam sagt við drenginn að best væri að hann gæfi sig fram við lögreglu. Hafi drengurinn sagt að hann hafi ekki nauðgað stelpunni. Adam kvaðst hafa yfirgefið hótelið þar sem hann hafi áður lent í svipuðum aðstæðum og verið handtekinn vegna stúlku sem hafi átt að vera nauðgað. Hafi hann ekki viljað lenda í frekari vandræðum. Adam kvaðst fyrst hafa hitt drenginn á bar í miðbæ Reykjavíkur þar sem þeir hafi drukkið saman bjór. Hafi drengurinn einu sinni komið heim til Adams og þá gist hjá Adam. Á þessum tíma í yfirheyrslunni var Adam tilkynnt að hann væri handtekinn, grunaður um að reyna að hylma yfir með óþekktum aðila sem væri grunaður um nauðgun. Var honum kynnt réttarstaða sín. Er Adam var spurður að því hvort hann vildi tjá sig eitthvað frekar kvaðst Adam ásamt drengnum hafa staðið við bar á hótelinu. Hafi þeir eftir það farið að stiga þar sem gengið væri niður að snyrtingu. Hafi þeir farið þangað niður og staðið þar þegar stúlka hafi komið og drengurinn stöðvað hana. Hafi hann byrjað að tala við hana en síðan hafi þau bæði farið niður. Á meðan hafi Adam farið á barinn. Síðan hafi Adam sjálfur farið niður á snyrtinguna og litið inn á kvennasnyrtinguna. Hafi hann séð að einn básinn var læstur. Hafi Adam farið á karlasnyrtinguna og í framhaldi aftur upp á barinn. Eftir um 10 til 15 mínútur hafi drengurinn komið upp aftur. Hafi hann tjáð Adam að hann hafi verið með þessari íslensku stelpu niðri á salerninu og að þau hefðu haft samfarir. Adam hafi séð stelpuna grátandi og Spánverji staðið hjá henni á móts við kvennasnyrtinguna. Hafi Adam tjáð drengnum að eitthvað væri að og hafi drengurinn þá farið niður til að tala við stúlkuna. Hafi hann komið upp aftur og þá sagt að stúlkan hafi sagt að drengurinn hafi misnotað sig. Hafi drengurinn síðan gengið út og Adam ákveðið að fara á eftir honum. Síðan hafi drengurinn hlaupið burt. Hafi Adam heyrst sem starfsmaður hótelsins hafi öskrað á eftir drengnum. Adam hafi gengið heim til sín.

Adam var yfirheyrður næsta dag. Var framburður hans að mestu leyti á sama veg og áður. Kvaðst Adam hafa hitt ákærða á bar á 1. hæð hótelsins. Þeir hafi farið að spjalla saman og í framhaldi gengið upp á hæðina fyrir ofan. Þar hafi þeir drukkið áfengi og gert sér dælt við stúlkur. Hafi þeir ákveðið að fara aftur niður á barinn á hæðinni fyrir neðan. Hafi þeir gengið tveir saman niður stigann. Verið geti

að Norbert Jaroslaw hafi þá verið með þeim. Þar hafi þeir rekist á stúlku fyrir miðjum stiga á leið niður á barinn. Ákærði hafi gengið til hennar og tekið hana tali. Adam hafi hins vegar gengið áfram niður stigann og ekki viljað trufla þau tvö. Adam hafi farið á barinn en séð ákærða og stúlkuna ganga í átt að kvennasnyrtingunni. Hafi þau gengið eðlilega og rætt saman. Án þess að hafa séð það hafi Adam reiknað með að þau hafi farið inn á kvennasnyrtinguna. Hafi Adam farið á barinn og sagt við barþjóninn að pólskur maður hafi farið með stúlku inn á klósettið. Eftir um 5 til 7 mínútur hafi Adam ákveðið að forvitnast um ákærða. Hafi hann litið inn á kvennasnyrtinguna og séð að einn básinn hafi verið lokaður. Ekki hafi hann verið læstur, eins og Adam hafi greint frá í fyrri skýrslu sinni. Hafi hann heyrt andardrátt eins og um hafi verið að ræða kynmök milli tveggja aðila. Hafi Adam gengið strax út. Hafi hann farið á barinn og hitt þar Norbert Jaroslaw. Hafi þeir fengið sér bjór og rætt saman. Eftir um 5 til 10 mínútur hafi ákærði komið út af kvennasnyrtingunni. Ekki hafi Adam hafi yfirsýn yfir dyrnar en séð ákærða koma ganginn frá snyrtingunum. Ákærði hafi gengið til Adams og sagt að hann hafi verið með íslenskri stelpu á snyrtingunni og haft við hana samfarir. Adam hafi litið niður og séð að stelpan var þar grátandi á ganginum við snyrtinguna. Þar hafi hún verið að ræða við spænskan barþjón. Hafi Adam upplifað það þannig að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað. Hafi Adam fundist stúlkan líta út eins og hún hafi verið misnotuð. Hafi Adam tjáð ákærða að stúlkan væri grátandi og ákærði farið til hennar og barþjónsins. Ákærði hafi komið til baka og sagt að stúlkan hafi sagt að hún hafi verið misnotuð af ákærða. Jafnframt hafi ákærði sagt að hann ætlaði að stinga af. Ákærði hafi gengið út af hótelinu og Adam farið á eftir honum. Fyrir utan hótelið hafi þeir gengið í sitthvora áttina. Einhver hafi hrópað eitthvað á íslensku. Hafi Adam verið orðinn mjög stressaður. Ákærði hafi hlaupið í burtu og horfið sjónum. Adam hafi gengið heim til sín. Næsta dag hafi Adam og ákærði verið í símasambandi. Hafi Adam sagt ákærða að gefa sig fram við lögreglu. Hafi ákærði sagt að hann ætlaði ekki að gefa sig fram við lögreglu. Ekki hafi verið um nauðgun að ræða.

Adam var farinn af landi brott við aðalmeðferð málsins 23. maí 2008. Fyrir milligöngu yfirvalda í Póllandi var tekin símaskýrsla af Adam við aðalmeðferðina. Adam kvaðst hafa verið á Hótel Sögu umrætt sinn. Hafi hann verið búinn að mæla sér mót við kunningja sem ekki hafi komið. Hafi Adam setið við bar og drukkið. Ákærði hafi hringt í Adam og í kjölfarið komið á staðinn. Hafi þeir setið við barinn, drukkið og spjallað saman. Tónlist hafi verið á efri hæð og þeir farið þangað. Þar hafi þeir einnig setið og drukkið bjór. Hafi þeir ætlað niður á bar á hæðinni fyrir neðan. Þá hafi komið að þeim íslensk stelpa og spurt um snyrtinguna. Ákærði hafi spjallað við stelpuna og sýnt henni hvar snyrtingin var. Þau hafi farið niður og Adam farið á barinn á 1. hæð. Ákærði hafi komið einhverju síðar og sagt að hann hafi verið með íslensku stelpunni. Hafi Adam séð stúlkuna grátandi að ræða við starfsmann hótelsins. Hafi Adam sagt við ákærða að eitthvað væri að. Ákærði hafi í framhaldi rætt við stúlkuna. Hafi hann komið aftur og sagt að stúlkan héldi því fram að ákærði hefði nauðgað sér. Hafi ákærði sagt að það væri ekki rétt og í framhaldi yfirgefið hótelið. Ákærði og Adam hafi farið á sama tíma út af hótelinu en ákærði farið í aðra átt en Adam. Ekki mundi Adam eftir því hvort einhverjir hafi verið fyrir utan hótelið. Aðspurður kvaðst Adam ekki muna eftir því hvort stúlkan hafi verið með glas í hendi er hún hafi verið á leið niður stigann. Hún og ákærði hafi gengið venjulega niður stigann og talað saman. Adam kvaðst ekki hafa séð ákærða fara inn á kvennasnyrtinguna, einungis ganga í áttina að henni. Adam kvaðst hafa farið inn á kvennasalernið einhverju síðar. Hafi einn básinn verið

lokaður og Adam heyrtr kynlífshljóð. Hafi hann farið inn á snyrtinguna þar sem hann hafi talið ákærða vera þar inni.

Krzysztof Królikowski kvaðst umrætt sinn hafa starfað á bar á Hótel Sögu. Vinur hans, Adam Robert Danowski, hafi ætlað að hitta stúlku á hótelinu þetta kvöld vegna einhverrar íbúðar. Þau hafi hist og Adam komið aftur um kvöldið. Ákærði hafi komið á hótelið og hitt Adam. Ákærða hafi Krzysztof hitt þarna í fyrsta sinn. Adam hafi hringt í ákærða og beðið hann um að hitta sig á hótelinu. Adam og ákærði hafi spjallað saman. Ekki hafi Krzysztof orðið sérstaklega var við samskipti Adams og ákærða við barinn. Um miðnættið hefði samstarfsmaður, þjónn að nafni Neftali, komið og sagt að vinur Krzysztof hefði gert eitthvað. Er borið var undir Krzysztof framburður hans í lögregluskýrslu um að Adam og ákærði hafi setið við barinn og ákærði farið að monta sig af því að hafa átt samfarir við íslenska stúlku á hótelinu kvaðst Krzysztof ekki muna það lengur. Kvaðst Krzysztof hins vegar muna það að ákærði og Adam hafi komið aftur á barinn eftir einhverja atburðarás á snyrtingunni. Ekki hafi Krzysztof orðið var við það er ákærði yfirgef hótelið. Ákærði hafi drukkið nokkra bjóra þetta kvöld en ekki gæti Krzysztof sagt að ákærði hafi verið drukinn.

Neftali Cristobal Gonzales kvaðst hafa verið við störf á Hótel Sögu þetta kvöld. Hafi hann ákveðið að fara á salernið á neðri hæð hótelsins. Þar hafi hann komið að stúlku sem hafi verið grátandi. Hafi hann spurt hana hvað hafi komið fyrir. Hafi hún sagt að drengur hafi gert eitthvað við hana. Hafi Neftali spurt hvar drengurinn væri. Í því hafi drengur komið frá kvennasnyrtingunni. Hafi Neftali spurt hann hvort hann hafi verið að reyna eitthvað við stelpuna. Hafi drengurinn sagt að hann hafi reynt að fá símanúmer frá stúlkunni. Í kjölfarið hafi hann farið á brott. Með þessum dreng hafi verið annar maður. Stúlkan hafi verið grátandi. Hafi verið ákveðið að hringja á lögreglu. Er tekin var skýrsla af Neftali hjá lögreglu greindi hann frá því að hann hafi ekki tekið eftir neinu öðru fólki í kjallara hótelsins en stúlkunni, drengnum og vini hans. Stúlkan hafi sagt Neftali á ensku hvað hafi gerst og hafi honum skilist á henni að drengurinn hafi nauðgað henni eða reynt að nauðga henni. Hafi stúlkan sagt að atburðurinn hafi gerst inni á kvennasnyrtingunni. Er hann hafi áttað sig á hvað stúlkan væri að segja hafi hann sagt að þau ættu að fara upp og hringja á lögregluna. Er þau hafi komið upp hafi þau sagt starfsmanni í gestamóttöku frá þessu. Hafi Neftali og viðkomandi starfsmaður í sameiningu ákveðið að leita að drengnum. Hafi þeir veitt því athygli að drengurinn og vinur hans hafi verið komnir út úr hótelinu. Hafi Neftali farið á eftir drengnum og kallað á eftir þeim. Drengurinn og félagi hans hafi þá hlaupið á brott. Ekki hafi Neftali komið við drenginn á flóttanum.

Jun Morikawa kvaðst hafa verið við störf á Hótel Sögu þetta kvöld. Hafi Jun starfað í gestamóttöku hótelsins. Að móttökunni hafi komið stúlka og beðið um hjálp. Hafi Jun spurt hana hvað hafi gerst. Hafi hún tjáð honum að hún hafi orðið fyrir kynferðisbrotri niðri í kjallara. Hafi hún ekki sagt að sér hafi verið nauðgað, heldur að á hana hafi verið ráðist. Hafi hún verið mjög hrædd og óttaslegin. Hafi Jun látið hana bíða við gestamóttökuna. Spænskur starfsmaður hótelsins hafi komið að og sagst þekkja manninn. Hafi þeir farið að útgangi hótelsins og séð tvo menn yfirgefa hótelið. Hafi hinn spænski samstarfsmaður sagt að um væri að ræða þann sem hafi verið í kjallaranum með stúlkunni. Hafi þeir reynt að hefta för mannanna. Hafi mennirnir hundsáð beiðni Jun og farið burtu. Hafi Jun gengið á eftir mönnunum út af hótelinu og endurtekið beiðni um að fara ekki þar sem hann þyrfti

að ræða við þá. Hafi Jun gengið alla leið að biðskýli fyrir strætisvagna við Hagatorg. Mennirnir hafi hlaupið í átt að Landsbankanum við Hagatorg. Jun hafi ekki snert mennina. Þeir hafi hlaupið saman frá hótelinu.

Pétur Sigurðsson kvaðst hafa tengst ákærða í tengslum við blaðburð. Hafi ákærði um hríð verið við blaðburð ásamt móður sinni. Ætti Pétur heima skammt frá heimili ákærða í Hafnarfirði. Hafi ákærði komið nokkrum sinnum á heimili Péturs. Laugardagskvöldið 17. mars 2007 hafi ákærði bankað á dyrnar hjá Pétri og viljað ræða við hann einslega. Í viðræðum við ákærða hafi Pétri skilist sem ákærði væri í einhvers konar vandræðum og um væri að ræða einhvers konar lögreglumál. Sökum tungumálaerfiðleika hafi Pétur ekki skilið vel hvað ákærði ætti við. Hafi Pétur sagt ákærða að ef um væri að ræða lögreglumál þá ráðlegði Pétur ákærða að fara til lögreglu til að skýra mál sitt. Ekki hafi Pétur ráðlagt ákærða að bíða með að hafa samband við lögreglu.

Bozena Sobiecka, móðir ákærða, kvaðst hafa sótt son sinn til Reykjavíkur aðfaranótt 17. mars 2007. Hafi hann hringt í móður sína um kl. 12.00 þetta kvöld og hún sótt hann að Perlunni við Öskjuhlíð. Ekki hafi hún tekið eftir neinu óvenjulegu við son sinn þetta kvöld. Ekki hafi hún séð áverka á honum, en dimmt hafi verið úti og hún þreytt. Hafi hún því ekki tekið almennilega eftir hvernig hann hafi litið út. Hafi ákærði tjáð henni að hann hafi lent í áflogum og vildi koma heim. Ekki hafi hún séð að hann væri með blóðnasir. Þá hafi hann ekki rætt um neina íslenska stelpu.

Ósk Ingvarsdóttir sérfræðingur á neyðarmóttöku Landspítala staðfesti skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Gerði hún grein fyrir einstökum atriðum í skýrslunni. Nokkurn tíma hafi tekið að nálgast sjúkrasögu stúlkunnar en hún hafi grátið talsvert og verið í greinilegu uppnámi. Hún hafi verið hrædd, óttaslegin og umkomulaus. Áverkar hafi verið á baki, lærum og við kynfæri. Blóðlitaður vökvi hafi verið í leggöngum. Sá vökvi hafi komið frá djúpri sprungu fyrir framan endaparm og borist þaðan í leggöngin. Hafi Ósk fundist stúlkan trúverðug en hún hafi lýst kynferðislegu ofbeldi sem hún hafi talið sig verða fyrir. Hafi áverkar komið heim og saman við þá sögu er stúlkan hafi greint frá. Stúlkan hafi komið í endurkomu. Þá hafi verið athugað með hvort sár gréru. Hún hafi þá verið slæm í herðum og hálsi. Áverki við kynfæri hafi þá verið gróinn. Áverka við endaparm hafi verið lýst nánar við endurkomu þar sem lýsing hafi ekki verið eins nákvæm við fyrstu komu. Staðsetning á skurði við endaparm hafi tengsl við tilvik þar sem reynt sé að fara þar inn. Við tilraunir til innþrengingar séu oftast áverkar „kl. 12 og kl. 6“. Staðsetning áverka hafi komið heim og saman við þrýsting ofanfrá. Ekki væri þó hægt að fullyrða um atburðarásina út frá áverkanum einum.

Geir Guðmundsson læknir staðfesti réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða. Gerði hann grein fyrir helstu niðurstöðum skoðunarinnar.

Gunnar Hrafn Birgisson sérfræðingur í klínískri sálfræði staðfesti sálfræðiskýrslu um Y, sem dagsett er 26. apríl 2007. Gerði Gunnar grein fyrir helstu niðurstöðum skýrslunnar. Staðfesti Gunnar að Y hafi greinst með einkenni áfallastreituröskunar. Hafi hún lent í einelti í 9. bekk grunnskóla. Unnt væri að rekja einkenni áfallastreituröskunar til þess tilviks sem væri til meðferðar eða eineltisins frá því í grunnskóla.

Sigurður Páll Pálsson geðlæknir staðfesti geðheilbrigðisrannsókn á ákærða frá 29. maí 2007. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar væri ákærði sakhæfur. Ákærða hafi liðið illa á meðan hann hafi verið í gæsluvarðhaldi. Hafi hann greinst með þunglyndi, kvíða og spennu. Málhömlunin hafi verið ákveðið vandamál þar sem hann hafi við álag átt erfitt með að tjá sig. Ákærði hafi verið í mikilli sorg í upphafi varðhaldsins.

Lögreglumennirnir Sigurður Árni Reynisson, Arnþór Davíðsson og Þorvaldur Geir Þorsteinsson staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins. Kvaðst Sigurður hafa rætt við brotþola á Hótel Sögu umrædda nótt. Hafi stúlkan verið í miklu uppnámi og grátið mikið. Hún hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Arnþór kvaðst hafa ritað frumskýrslu lögreglu vegna málsins. Samstarfsfélagi Arnþórs, Sigurður Árni, hafi rætt við brotþola. Arnþór hafi hins vegar séð um að tryggja vettvang og fleira. Frumskýrsla lögreglu endurspegli þau viðtöl er tekin hefðu verið við vitni á vettvangi. Þorvaldur Geir kvaðst hafa farið á neyðarmóttöku og rætt þar við brotþola. Hafi Þorvaldur punktað niður hjá sér þau atriði sem fram hafi komið sem hann hafi sett í eigin skýrslu. Stúlkan hafi verið í sjokki. Kæruskýrsla hafi verið tekin af stúlkunni næsta dag. Greinilegt hafi verið að stúlkan hafi orðið fyrir áfalli. Hafi hún skolfið og liðið illa. Hún hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot, með því að hafa á salerni í kjallara Hótel Sögu aðfaranótt 17. mars 2007 þröngvað Y til samræðis og annarra kynferðismaka. Er honum gefið að sök að hafa ýtt henni inn á salernisbás og haldið henni þar á meðan hann kom fram vilja sínum sem fólst í því að hafa munnmök við stúlkuna, sleikja á henni kynfærin, hafa við hana samræði og reyna að setja getnaðarlim í endaparm hennar.

Fyrir liggur framburður ákærða, Y og vitnisins Adam Robert Danowski um aðdraganda þess er Y og ákærðu hittust í fyrsta sinn. Var Y þá á leið á salerni sem er í kjallara Hótel Sögu. Ekki er neinn grundvallarmunur á þessum framburðum. Er það þó einna helst um það hvort Y hafi komið að ákærða og Adam í stiga á 2. hæð hótelsins, eða hvort það hafi verið í stiga upp á 1. hæð. Hefur það atriði ekki úrslita þýðingu um niðurstöðu málsins. Ber ákærða og Y saman um að ákærði hafi bent Y á að salernið væri í kjallara hótelsins. Ákærði kveðst hafa boðist til að fylgja henni á salernið. Ber Y á sama veg um það atriði. Ákærði kveður Y hins vegar hafa samþykkt að hann fylgdi henni á salernið, en fyrir það þvertur hún. Þá hefur ákærði haldið því fram að hann hafi á leið niður stigann haldið utan um mitti Y eða stutt hana til að hún myndi ekki hrasa í stiganum. Ekki kannast Y við það atriði heldur. Adam Robert hefur heldur ekkert fullyrt um þessi atriði. Verður þar af leiðandi engu slegið föstu í þessum efnunum.

Um atvik inni á salerninu ber framburðum ákærða og Y hins vegar engan veginn saman. Ákærði hefur lýst því að Y hafi verið samþykkt samræði. Hafi hún farið með ákærða inn á salernisbás. Þar hafi þau klætt hvort annað úr fötum. Hún hafi haft munnmök við ákærða og ákærði sleikt kynfæri hennar. Að því búnu hafi þau reynt að hafa samfarir standandi. Er það hafi ekki tekist hafi ákærði sest á

klósettið og Y sest ofan á ákærða. Þannig hafi þau haft samfarir. Þau hafi á engum tíma lagst á gólfið á salerninu. Aðspurður um áverka er Y hlaut við aðfarirnar kvaðst ákærði þeirrar skoðunar að áverka á baki hafi Y fengið við að reka sig í klósettíkassa þegar hún hafi haft munnmök við ákærða. Áverka við endarm hafi hún sennilega fengið við það að setjast rangt ofan á ákærða sem hafi leitt til þess að limur ákærða hafi myndað skurðinn við endarminn. Á þessum áverka gaf ákærði reyndar aðra skýringu í skýrslu sinni hjá lögreglu. Y hefur hins vegar borið á þann veg að ákærði hafi fyrirvaralaust ýtt henni inn á salernisbásinn, þar sem hann hafi byrjað að kyssa hana og káfa á henni. Hafi hún frosið við þetta og fundist sem þessir atburðir væru ekki að gerast. Ákærði hafi tekið niður um hana buxur og sokkabuxur og því næst þrýst henni niður á klósettið. Hann hafi með ofbeldi sett getnaðarlim sinn upp í munn hennar. Því næst hafi hann sleikt á henni kynfærin. Loks hafi hann ýtt henni niður á gólf salernisbássins og þar upp í horn. Þar hafi hann farið ofan á hana, sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar og haft við hana samfarir. Hún hafi fundið fyrir skerandi sársauka þegar ákærði hafi reynt að setja lim sinn í endarm hennar. Hafi hún rankað við sér og tekist að komast undan ákærða og á fætur og út af salerninu. Hafi ákærði varnað henni för út af salernisbásnum, en henni að lokum tekist að komast á brott. Fyrir utan salernið hafi hún rekist á spænskan barþjón og greint honum frá því sem fyrir hafi komið.

Svo sem jafnan er í málum af þessum toga er í grundvallaratriðum munur á framburðum ákærða og brotþola. Er engum vitnum til að dreifa um þá atburði sem mestu skipta máli fyrir niðurstöðu, sem eru atburðirnir inni á salerninu. Ræðst niðurstaða því að meginstefnu til af mati á trúverðuleika framburða ákærða annars vegar og Y hins vegar. Við mat á niðurstöðu er í upphafi til þess að líta að ákærði og Y þekktust ekkert fyrir þann tíma sem þau hittust í stiganum. Af framburðum þeirra og vitnisins Adam Robert má ráða að þau hafi einungis rætt saman í stutta stund í stiganum og samtalið að mestu snúist um hvar salerni væri að finna á hótelinu.

Framburður Y hefur að mati dómsins verið einkar trúverðugur. Hefur hún verið staðföst í framburði sínum um öll þau meginatriði málsins er máli skipta fyrir niðurstöðu. Hafa nokkur vitni lýst því að hún hafi verið grátandi, verið í sjokki og í miklu uppnámi eftir að hún kom út af klósettinu. Bendir sú staðreynd til þess að eitthvað alvarlegt hafi gerst inni á salerninu. Þá fær framburður hennar um atvik inni á salerninu mikla stoð í gögnum málsins. Er það einkum í ljósi þeirra áverka sem hún hlaut þessa nótt. Var hún í fyrsta lagi með áverka á baki. Samrýmast þeir þeim framburði hennar að hún hafi legið á gólfi salernisins á meðan ákærði hafi haft við hana samfarir. Er ákaflega ósennileg sú skýring ákærða að áverka þessa hafi stúlkan fengið af klósettíkassa þegar hún hafi setið á klósettinu og haft við hann munnmök. Í öðru lagi hefur hún lýst því að hún hafi legið kramin upp í horni salernisbássins á meðan ákærði hafi haft við hana samfarir. Fær sá framburður hennar stoð í því að við endurkomu á neyðarmóttöku 27. mars 2007 var hún greind með harðsperrur í herðum og hálsi. Ákærði hefur hins vegar með engu móti viljað kannast við að þau hafi haft samfarir á gólfinu. Í þriðja lagi þykir áverkni við endarm renna styrkum stöðum undir þann framburð stúlkunnar að ákærði hafi reynt að setja getnaðarlim sinn í endarm hennar þar sem hún var liggjandi á gólfinu. Ósk Ingvadóttir lækni á neyðarmóttöku bar fyrir dóminum að út frá áverkanum einum saman væri ekki unnt að fullyrða um þær aðstæður sem hann hafi skapast við. Ósk hefur hins vegar staðhæft í réttarlæknisfræðilegri skýrslu sinni að meta megí í ljósi reynslu að áverkinn hafi komið við tilraun til innþrengingar í

endaþarm. Ljóst má vera að töluvert afl hefur þurft til að skurður þessi myndaðist. Er fjarstæðukennd sú skýring ákærða að skurðurinn hafi komið við það að stúlkan hafi setið ofan á ákærða og að limur hans hafi ekki ratað á réttan stað. Við þær aðstæður ætti Y að réttu lagi að hafa stjórnað hreyfingunni og fráleitt að hún myndi hafa valdið sjálfri sér slíkum skaða með þeim hætti. Í þessu efni þarf einnig að hafa í huga að samkvæmt rannsókn tæknideildar lögreglu ætti einstaklingur að svipaðri stærð og ákærði og brotþoli að komast fyrir á salernisgólfinu með þeim hætti er Y hefur lýst, þrátt fyrir staðhæfingar ákærða um hið gagnstæða.

Framburður ákærða um öll þau atriði sem hér hefur verið gerð grein fyrir þykir að mati dómsins ótrúverðugur. Þá þykir fleira draga úr trúverðugleika framburðar ákærða. Hefur hann staðhæft að hann hafi orðið fyrir árás fyrir utan Hótel Sögu eftir að hann yfirgaf hótelið. Engin vitni eru að slíkri árás. Adam Robert, sem var ákærða samferða út af hótelinu, bar að hann og ákærði hafi farið út af hótelinu og í framhaldinu farið í sitt hvora áttina. Vitnin Jun Morikawa og Neftali Cristobal Gonzales, sem eltu ákærða og Adam Robert út af hótelinu, hafa staðhæft að ákærði hafi ekki lent í átökum við neinn en flúið af vettvangi. Hafi þeir séð til ferða hans og Adam Robert á brott frá hótelinu. Fram kom ítrekað í framburði Adam Robert hjá lögreglu að ákærði hafi tjáð honum að ákærði ætlaði að stinga af frá hótelinu áður en lögregla kæmi þar sem hann ætlaði ekki að láta handtaka sig á hótelinu. Þá hefur ákærði lýst för sinni og Y inn á salernið í kjallaranum með þeim hætti að hann og Y hafi þá verið orðin nán og þá legið ljóst fyrir í hvað stefndi. Þessi framburður ákærða gengur gegn framburði Soffíu Ófeigsdóttur sem var inni á salerninu, en hún kveður ákærða hafa leitað inngöngu á salernið eftir að stúlkan hafði farið þangað inn og verið þar nokkra stund. Hafi ekkert bent til þess að þau væru saman. Allt þetta veikir framburð ákærða. Þá hafa framburðir ákærða og Adam Robert Danowski tekið nokkrum breytingum undir rannsókn og meðferð málsins að því marki hve vel þeir hafi þekkt fyrir atburðinn. Eins hefur framburður ákærða ekki verið á einn veg um hvenær hann hafi fyrst orðið var við blóð það sem kom frá Y. Hjá lögreglu greindi ákærði frá því að hann hafi fyrst tekið eftir því blóði eftir að heim var komið og hann tekið eftir því í nærbuxum sínum. Fyrir dómi bar hann að þegar hann og stúlkan hafi verið að ljúka samförum hafi hann tekið eftir blóðinu.

Þegar öll framangreind atriði eru virt er það niðurstaða dómsins að reisa niðurstöðu málsins á traustum framburði brotþola, en ekkert er fram komið í málinu sem dregur úr trúverðugleika hennar. Verður talið sannað að ákærði hafi ýtt stúlkunni inn á salernisbás í kjallara Hótel Sögu og að hann hafi girt þar niður um hana sokkabuxur og nærbuxur. Því næst hafi hann með ofbeldi þröngvað getnaðarlim sínum inn í munn stúlkunnar. Hafi hann sleikt kynfæri stúlkunnar. Að því loknu hafi hann ýtt henni niður á gólf salernisins og haft þar við hana samræði um leggöng. Þá hafi ákærði reynt að setja getnaðarlim sinn í endaþarm stúlkunnar. Svo sem áður var lýst hefur Y staðhæft að hún hafi frosið í upphafi atburðarásarinnar inni á salerninu og fundist eins og hlutirnir væru ekki að gerast og hún verið dofin. Síðar hafi hún rankað við sér og reynt að komast frá ákærða. Hafi ákærði varnað henni för út af salernisbásnum. Loks hafi henni tekist að komast fram á ganginn. Verður sú háttsemi ákærða sem hér hefur verið gerð grein fyrir og hann viðhafði inni á salerninu metin sem ofbeldi í skilningi 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt því verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í desember 1988. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi, svo kunnugt sé. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt kynferðisbrot gagnvart stúlku sem var 19 ára þegar brotið var framið. Var brotið framið á stað þar sem Y átti sér einskis ills von. Brot ákærða var ófyrirleitið og til þess fallið að valda stúlkunni verulegum skaða. Á ákærði sér engar málsbætur. Dómurinn telur að Hæstiréttur Íslands hafi á liðnum misserum þyngt refsingar vegna kynferðisbrota almennt. Eigi það ekki síst við um brot gegn 194. gr. laga nr. 19/1940, en nýverið hafa verið gerðar breytingar á XXII. kafla laga nr. 19/1940 til að kveða á um að mál þessi verði tekin fastari tókum en áður. Með vísan til alls þessa, sbr. og 1., 2. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjú ár, en við ákvörðun refsingar þykir þó verða að taka tillit til þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins og ákærða verður ekki um kennt. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald ákærða frá 19. mars 2007 til 5. júlí 2007.

Réttargæslumaður hefur fh. Y krafist skaðabóta úr hendi ákærða. Er krafist bóta að fjárhæð 2.000.000 krónur, auk vaxta. Er vísað til þess að verknaðurinn hafi leitt til verulegs tjóns fyrir Y, sem lýsi sér í andlegri vanlíðan, öryggisleysi og hræðslutilfinningu. Líkamleg sár hafi gróið og Y leitað sér stuðnings hjá sálfræðingi til að glíma við andlegar afleiðingar brotsins. Eigi hún erfitt með að vera í fjölmenni, sé uppburðarlítill og kvíðin fyrir framtíðinni. Um lagarök er vísað til 26. gr. laga nr. 50/1993. Með vísan til þess er hér að framan er rakið, vottorðs Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings, sem og þess er fram hefur komið fyrir dóminum er það niðurstaða dómsins að framferði ákærða hafi valdið Y miska. Á hún rétt á skaðabótum vegna háttsemi hans á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Í ljósi atvika málsins, og þá sér í lagi þeirra líkamlegu áverka er hún hlaut við verknaðinn og dómaframkvæmdar á þessu réttarsviði eru bætur þessar hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur. Sú fjárhæð ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ríkissaksóknara um sakarkostnað ásamt tildæmdum málsvarnarlaunum og þóknun réttargæslumanns brotaþola, hvorutveggja að viðbættum virðisaukaskatti, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda Elsa Björgvinsdóttir fulltrúi ríkis saksóknara.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Robert Dariusz Sobiecki, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald ákærða frá 19. mars 2007 til 5. júlí 2007.

Ákærði greiði Y, 1.500.000 krónur í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. mars 2007 til 7. júní 2007, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.782.151 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 732.060 krónur, og þóknun til réttargæslumanns brotaþola, Þórdísar Bjarnadóttur héraðsdómslögmanns, 226.590 krónur.

Símon Sigvaldason

Greta Baldursdóttir

Helgi I. Jónsson